



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 137/386  
komudagur 24.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

24. júní 2009

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál**


Um er að ræða „bandorm“ þar sem kveðið er á um ýmsar skattahækkanir, almannatryggingar o.fl., og eru ráðstafanirnar, skv. athugasemdum, hluti af viðtækri áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum. Að sjálfsögðu eru ýmis ákvæða frumvarpsins verulega þyngjandi fyrir orku- og veitufyrirtæki og starfsfólk þeirra, líkt og gildir um öll önnur fyrirtæki í landinu og þeirra starfsfólk. Hækkun tryggingagjalds um 1,56 prósentustig er t.d. utan við allar fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna og mun auka enn á þrýsting til lækkunar á launakostnaði, t.d. með uppsögnum starfsfólks. Því má draga í efa að hækkun gjaldsins muni skila þeim tekjuauka sem gert er ráð fyrir. Samorku er hins vegar ljóst að um er að ræða tilraunir til að bæta stöðu ríkissjóðs, sem er brýnt verkefni um þessar mundir.

### **Áskorun um að 6. gr. verði felld út úr frumvarpinu**

Samorka vill hins vegar sérstaklega vara við 6. grein frumvarpsins, þar sem fjallað er um nýja skattlagningu á vaxtatekjum erlendra aðila hérlendis. Ljóst er að a.m.k. í mörgum tilfellum myndi slíkt ákvæði skapa stórauðinn kostnað fyrir íslenska lántakendur og hækka enn þeirra lántökukostnað, sem er þó ærinn fyrir. Ennfremur telja tiltekin aðildarfyrirtæki Samorku að þetta ákvæði myndi verða erlendum lánadrottnum tilefni til að nýta sér heimildarákvæði lánasamninga til gjaldfellingar á lánnum sem á sínum tíma voru veitt á miklum mun betri kjörum en bjóðast í dag. Loks má ætla að slíkt ákvæði, sem mun vera á skjön við þróun í nágrennalöndum, geri Ísland og íslensk fyrirtæki enn minna fýsilega kosti fyrir erlenda lánveitendur, og var þó varla á þá erfiðu stöðu bætandi. Samorka skorar því á efnahags- og skattanefnd að fella 6. gr. út úr frumvarpinu.

Efnislega er hér um óbreytt ákvæði að ræða frá frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi, 366. mál. Í framhaldsnefndaráliti efnahags- og skattanefndar dags. 6. apríl sl. segir um ákvæðið:

*...töldu Viðskiptaráð og fulltrúar þeirra orkufyrirtækja og endurskoðunarskrifstofa sem nefndin ræddi við að ákvæði tvísköttunarsamninga mundu í mörgum tilvikum ekki girða fyrir að skatturinn legðist á hinn erlenda lánveitanda, skattbyrði sem á endanum yrði borin af innlendum lántaka. Lánsfjármagns væri þar að auki viðar að leita en í ríkjum sem gerðir hafa verið tvísköttunarsamningar við.*



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

*Nefndin telur að framangreindar athugasemdir gefi tilefni til að skoða betur hver áhrif 1. gr. frumvarpsins geti haft á aðgang íslenskra fyrirtækja að erlendu lánsfé.*

Engin efnisleg breyting hefur orðið á þessu ákvæði frá því að framangreint nefndarálit var skrifað og engin merki eru um að áhrif þess hafi verið skoðuð betur líkt og þarna var mælt fyrir um.

### **Óveruleg tekjuáhrif**

Loks skalt minnt á að í umsögn fjármálaráðuneytis í fylgiskjali með frumvarpinu kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að skatttekjur vegna þessa ákvæðis verði verulegar og því verður ekki séð að ákvæðið geti talist brýnt út frá sjónarhóli ríkisfjármála. Eftir stendur því að engin sérstök ástæða er til að ganga gegn niðurstöðu nefndarinnar frá í apríl sl., þar sem kveðið var á um frekari skoðun á málinu. Undirritaður átti þess kost að fjalla um málið á fundi nefndarinnar 23. júní þar sem ýmsir aðrir umsagnaraðilar vöruðu mjög sterklega við þessu ákvæði. Fulltrúi Deloitte sagði m.a. að menn hefðu talið að með frestun þessa ákvæðis í apríl sl. hefði „stórslysi verið forðað“. Samorka treystir því að ekki standi nú til að snúa þeim árangri við.

Meðfylgjandi er álitgerð um áhrif þessa ákvæðis, sem KPMG samdi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur í apríl sl. vegna fyrra frumvarpsins, en þar er m.a. sýnt fram á það með raunhæfu dæmi hvernig vaxtakostnaður við eitt 4 milljarða króna belgískt lán gæti aukist um 11,4 milljónir króna við samþykkt þessa ákvæðis. Óþarfi er að taka fram að heildaráhrifin yrðu auðvitað margfalt meiri.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri



KPMG á Íslandi  
Skattasvið  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími: 545 6000  
Fax: 545 6007  
Vefang: www.kpmg.is

Til Orkuveita Reykjavíkur  
v.t. Anna Skúladóttir

Dagsetning 6. apríl 2009

Frá Skattasvið KPMG

Tilvisun 20090204\_vaxtakostnaður.doc

Afrit Hlynur Sigurðsson

## Áhrif frumvarps til breytinga á tekjuskattslögum á fjármagnskostnað OR

Anna Skúladóttir framkvæmdarstjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) óskaði eftir því að KPMG hf. tæki saman minnisblað um hugsanlega áhrif frumvarps um breytingar á tekjuskattslögnum og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda á fjármagnskostnað OR.

### 0.0. Samantekt

- Í þeim tilvikum þar sem lánveitandi OR er ekki staðsettur í ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við er kveður á um 0% afdráttarskatt á vaxtagreiðslur eru umtalsverðar líkur á því að vaxtakostnaður OR muni aukast af þeim lánum.
- Miðað við rannhæft dæmi er kostnaðaaukning á einu tilteknu láni 11.361.111 kr. á ári.
- Vaxtaálag þeirra lána sem OR á möguleika á að fá frá erlendum aðilum hækkar.

### 1.0. Almenn.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Svo virðist sem verið sé að innleiða löggjöf sem felur í sér umtalsverðar breytingar á íslensku skattumhverfi án þess að skoðuð séu gaumgæfilega möguleg áhrif breytinganna á rekstarumhverfi íslenskra fyrirtækja sem hafa lán frá erlendum aðilum.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að innleitt verði nýtt ákvæði þess efnis að aðilar sem hafa takmarkaða skattskyldu á Íslandi skuli sæta skattlagningu vegna þeirra vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. Innleiðing slíks ákvæðis mun líklega hafa í för með sér umtalsverðar neikvæðar afleiðingar fyrir OR.

### 2.0. Aukin vaxtakostnaður.

Í raun verða það íslenskir lántakendur sem bera munu afdráttarskattinn af vaxtagreiðslunum. Lánveitandi leggur upp með að fá ákveðið endurgjald fyrir það fé sem hann lánar. Ef kostnaður

eykst við að veita lánið veltir lánveitandinn kostnaðinum yfir á lántaka. Lánveitandinn hækkar vaxtaálagið til að fá það sama í tekjur og áður. Almennir skilmálar skuldabréfa og lánasamninga útgefnum á alþjóðlegum fjármálamarkaði fela flestir í sér ákvæði um að ef afdráttarskattur á vexti er innheimtur þá greiði lántaki hærra vexti til að tryggja það að lánveitandi verði eins settur og ef enginn afdráttarskattur væri innheimtur. Ekki þarf að fara mörgum orðum um bagalegar afleiðingar þessa, sérstaklega í ljósi núverandi efnahagsástands þar sem erlent fjármagn er af skornum skammti og fjármagnskostnaður er nú þegar að sliga innlend félög. Um neikvæðar afleiðingar þess að innheimta afdráttarskatta á vaxtagreiðslur er m.a. fjallað af OECD í greinargerð við tvísköttunarsamningsmódel OECD.

Í frumvarpinu er því haldið fram að vegna endurgreiðslu eða frádráttarréttar, á grundvelli tvísköttunarsamninga eða reglum í heimaríki móttakanda vaxta, ætti skattbyrði lánveitanda ekki að þyngjast þrátt fyrir skattlagningu vaxtanna á Íslandi og þar af leiðandi ætti heldur ekki að aukast vaxtabyrði íslenska greiðandans. Staðhæfing þessi er rétt að því er varðar vaxtagreiðslur til móttakanda í ríki sem gerður hefur verið við tvísköttunarsamningur er kveður á um 0% afdráttarskatt af vaxtagreiðslum. Á það við um 20<sup>1</sup> af þeim 36 ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við. Staðhæfingin er hins vegar hæpin að því er varðar þau 15 tvísköttunarsamningsríki sem eftir standa. Ótalin eru þá áhrif breytingarinnar á vaxtagreiðslur til móttakanda í einhverju þeirra 156 þjóðríkja sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við, þ.m.t. flest Asíu ríki sem telja verður líklega lánveitendur á komandi árum.

Telja verður að í frumvarpinu sé á ferðinni ofmat á áhrifum endurgreiðslu og frádráttarréttar. Skattlagningin á Íslandi mun miðast við greidda vexti (brúttó vaxtatekjur) en endurgreiðsla eða frádráttur miðast yfirleitt við skatt af nettó vaxtatekjum. Nefna má það dæmi að erlendur banki fengi 1000 í vexti frá íslenskum lántaka og sætti því á Íslandi skattlagningu er næmi 150 (15%). Að því gefnu að vaxtabyrði erlenda bankans af fjármögnun lánsfjárins væri 950, næmu nettó vaxtatekjur hans vegna lánsins 50. Að því gefnu að skatthlutfall í heimaríki bankans væri sama og á Íslandi yrði reiknaður skattur þar í landi á nettó vaxtatekjurnar 7,5 (15% af 50). Frádrátturinn takmarkaðist við 7,5. Ástæðan fyrir því frádrátturinn takmarkast við 7,5 er sú að það er sá skattur sem bankinn ætti að greiða í skatt í sínu heimaríki af tekjunum frá Íslandi. Ef heimaríki bankans veitti meiri frádrátt væri það að greiða fyrir aukna skattlagningu á Íslandi. Greindarhöfundum er ekki kunnugt um neitt ríki sem er tilbúið að fjármagna aukna skatta í öðru ríki. Tap erlenda bankans af lánveitingunni yrði því 100 (50 í tekjur - 150 í skatt), verði frumvarpið að lögum. Skattgreiðslan á Íslandi næmi því þreföldum raunverulegum tekjum bankans af láninu. Að framangreindu virtu er óraunhæft að ætla annað en að lagabreyting þessi muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á lánamöguleika erlendis og vaxtakjör erlendra lána.

Hvað varðar endurgreiðslurétt eða frádráttarheimild þess sem móttækur vaxtatekjurnar í heimaríki sínu þá fylgja því fleiri ókostir en bent er á hér að ofan. Einn ókosturinn er í tengslum við fjárstreymi félags. Afdráttarskatt þarf að greiða strax við greiðslu á vöxtum, endurgreiðslan eða frádrátturinn í heimaríki á sér yfirleitt stað síðar. Peningar móttæknir í dag eru meira virði en

<sup>1</sup> Þau ríki sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við er kveða á um 0% afdráttarskatt eru: Norðurlöndin, Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Ungverjaland, Lúxemborg, Malta, Rússland, Slóvakía, Sviss og Þýskaland.

peningar á síðara tímamarki (e. time value of money). Til að mæta þeim kostnaði er vaxtaálag yfirleitt aukið.

## 2.1. Raunhæft dæmi er snýr að OR.

### 2.1.1. Staðan í dag.

OR er með lán sem belgískur aðili veitti. Lánið er að fjárhæð 4.000.000.000 kr. og greiðast af því 4% vextir. Árlegir vextir af láninu eru því 160.000.000.

Eins og staðan er í dag innheimtir Ísland enga skatta af vaxtatekjum erlendra aðila.

Belgía skattleggur vaxtatekjurnar nettó. Gefum okkur að belgíski aðilinn hafi fjármagnað lánið sem það veitti með 95% láni annarsstaðar frá eða sem nemur 3.800.000.000 kr.. Gefum okkur að vaxtakjörin sem belgíski aðilinn fær séu betri en þau sem hann veitir OR t.d. 3,75%. Vaxtakostnaður belgíska aðilans er því 142.500.000. Nettó tekjur belgíska aðilans eru því 17.500.000 kr. (160.000.000 – 142.500.000).

Í Belgíu er um það bil 33% fyrirtækjaskattur. Skattgreiðslur af vaxtatekjunum yrðu því 5.775.000 kr. (17.500.000 \* 0,33) í Belgíu.

Hagnaður belgíska aðilans af því að veita lánið er því **11.725.000 kr.**

### 2.1.2. Staðan ef frumvarpið verður samþykkt.

Ef frumvarpið verður að lögum myndi Ísland vilja innheimta 15% skatt af brúttó vaxtagreiðslunni. Samkvæmt tvísköttunarsamningi Íslands og Belgíu má Ísland að hámarki halda eftir 10% í afdráttarskatt af vaxtagreiðslunni. Ísland innheimtir því 10% af brúttó greiðslunni eða 16.000.000 (160.000.000 vaxtatekjurnar \* 10%) í afdráttarskatt.

Belgía skattleggur vaxtatekjurnar hins vegar nettó. Gefum okkur að belgíski aðilinn hafi fjármagnað lánið sem það veitti með 95% láni annarsstaðar frá eða sem nemur 3.800.000.000 kr.. Gefum okkur að vaxtakjörin sem belgíski aðilinn fær séu betri en OR t.d. 3,75%. Vaxtakostnaður belgíska aðilans er því 142.500.000. Nettó tekjur belgíska aðilans eru því 17.500.000 (160.000.000 – 142.500.000).

Í Belgíu er um það bil 33% fyrirtækjaskattur. Skattgreiðslur af vaxtatekjunum yrðu því 5.775.000 kr. (17.500.000 \* 0,33) í Belgíu.

Heildarskattbyrðin væri því 21.775.000 (5.775.000 í Belgíu + 16.000.000 á Íslandi). Á grundvelli tvísköttunarsamnings Íslands og Belgíu þyrfti Belgía að takmarka tvísköttun. Slíkt er

gert með svokallaðari venjulegri frádráttaraðferð<sup>2</sup> í samræmi við tvísköttunarsamning Íslands og Belgíu. Frádrátturinn er 5.775.000 kr. Heildarskattlagning belgíska aðilans er því 16.000.000 kr.

Hagnaður belgíska aðilans af því að veita lánið er því **1.500.000 kr.** (17.500.000 tekjur – 16.000.000 skattur á Íslandi).

### 2.1.3 Hvað þarf vaxtaálagið að hækka mikið svo belgíski aðilinn verði eins settur?

Til þess að belgíski aðilinn verði eins settur og ef enginn skattur væri innheimtur á Íslandi þarf OR að greiða aukna vexti. Til þess að fá **11.725.000 kr.** í hendurnar eftir alla skatta þarf belgíski aðilinn að innheimta 4,28% vexti.  $4,28\% \text{ vextir af } 4.000.000.000 = 171.361.111 \text{ kr.}$

Samkvæmt tvísköttunarsamningi Íslands og Belgíu má Ísland að hámarki halda eftir 10% í afdráttarskatt af vaxtagreiðslunni. Ísland innheimtir 10% af brúttó greiðslunni eða 17.136.111 (171.361.111 vaxtatekjur \* 10%) í afdráttarskatt.

Belgía skattleggur vaxtatekjur nettó. Gefum okkur að belgíski aðilinn hafi fjármagnað lánið sem það veitti með 95% láni annarsstaðar frá eða 3.800.000.000 kr.. Gefum okkur að vaxtakjörin sem belgíski aðilinn fær séu betri en OR t.d. 3,75%. Vaxtakostnaður belgíska aðilans er því 142.500.000. Nettó tekjur belgíska aðilans eru því 28.861.111 (171.361.111 – 142.500.000).

Í Belgíu er um það bil 33% fyrirtækjaskattur. Skattgreiðslur af vaxtatekjunum yrðu því 9.524.166 kr. (28.861.111 \* 33%) í Belgíu.

Heildarskattbyrðin væri því 26.660.227 (9.524.166 í Belgíu + 17.136.111 á Íslandi). Á grundvelli tvísköttunarsamnings Íslands og Belgíu þyrfti Belgía að takmarka tvísköttun. Slíkt er gert með svokallaðari venjulegri frádráttaraðferð í samræmi við tvísköttunarsamning Íslands og Belgíu. Frádrátturinn er 9.524.166 kr. Heildarskattlagning belgíska aðilans er því 17.136.111 kr.

Hagnaður belgíska aðilans af því að veita lánið er því **11.725.000 kr.** (28.861.111 tekjur – 17.136.111 skattur á Íslandi) eða það sama og fyrir lagabreytinguna.

---

<sup>2</sup> Frádráttur skv. venjulegri frádráttaraðferð takmarkast við það sem lægra reynist. 1. Skatt greiddur í Íslandi af vaxtatekjunum, þ.e. 16.000.000 eða 2. eftirfarandi formúlu Tekjur á Íslandi (eins og þær eru reiknaðar í Belgíu)/ Heildartekjur belgíska aðilans margfaldað með skatti sem greiddur er af tekjunum í Belgíu.  $17.500.000/17.500.000 * 5.775.000 = 5.775.000$ . Frádrátturinn er því 5.775.000.

Ekki er fjallað um hugsanlega endurgreiðslu- eða frádráttarlöggjöf í landsrétti Belgíu.

#### 2.1.4 Niðurstaða.

Til að belgíski aðilinn verði eins settur þarf OR að greiða **4,28% vexti** af láninu í stað 4%.

Það þýðir að vaxtakostnaður OR verður 171.361.111 kr. í stað 160.000.000 kr. áður, sem er kostnaðaraukning um **11.361.111 kr. á ári.**

Virðingarfyllst,

**KPMG hf.**

Ágúst Karl Guðmundsson

Simon Þórir Jónsson

Ráðleggingar okkar í þessari álitserð eru takmarkaðar við þær niðurstöður sem settar eru beint fram í skjalinu og byggjast á að allar staðreyndir, ályktanir og staðhæfingar sem þar eru settar fram séu fullnægjandi og réttar. Ef einhver fyrrgreindra staðreynda, ályktana eða staðhæfinga er ekki fullnægjandi eða er röng er afar mikilvægt að okkur sé gerð grein fyrir því þegar í stað þar sem það gæti haft veruleg áhrif á niðurstöður okkar. Ráðleggingar okkar byggjast á ákvæðum skattalaga og reglugerða, úrskurðum yfirséttanefndar, fyrirmælum stjórnvalda, héraðsdómum og hæstaréttardómum. Þessar heimildir geta breyst, afturvirkir og/eða að því er varðar framtíðina, og allar slíkar breytingar geta haft áhrif á gildi ráðlegginga okkar. Við munum ekki uppfæra ráðleggingar okkar í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna nýrra túlkana dómstóla eða stjórnvalda á þeim.